

Frá Lífvísindasetri Háskóla Íslands

Efni: *Þingskjal 552 – 411. mál*


Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003, með síðari breytingum (samfjármögnun alþjóðlegra rannsóknaráætlana og sjálfstæð stjórn Innviðasjóðs).

Á meðal breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er að Rannsóknasjóði verði gert kleift að samfjármagna rannsóknaverkefni sem byggja á alþjóðlegri samvinnu. Annars vegar óháð aðkomu íslenskra rannsókna og hins vegar þar sem íslenskt vísindasamstarf kemur til en að fjármögnun geti gengið til erlends samstarfsaðila, eins og fram kemur í greinargerð.

Ljóst er að alþjóðlegt samstarf er afar mikilvægt fyrir framgang vísindanna, og er Ísland þar ekki undanskilið sem sýnir sig í því að lang flestir íslenskir vísindamenn eru í alþjóðlegu samstarfi. Tillagan um samfjármögnun á rætur sínar að rekja til metnaðarfullrar stefnu Vísinda- og tækniráðs árána 2013-2016. Ljóst er að markmið stefnunnar hafa því miður að mjög litlu leyti náð fram að ganga. Til að mynda gerði stefnan ráð fyrir því að árið 2016 næðu fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar 3% af vergri landsframleiðslu. Tölur OECD sýna að langt er í land að þetta markmið hafi náðst þar sem hlutfall Íslands til vísinda og nýsköpunar árið 2016 var einungis 2,07% af vergri landsframleiðslu sem er töluvert fyrir neðan OECD meðaltal sem var 2,34% sama ár og langt fyrir neðan meðaltal hinna Norðurlandanna sem var 2,73%. Frá 2016 hefur sama krónutala verið sett í Rannsóknasjóð, óháð verðlagsþróun, sem hefur gert það að verkum að árangurshlutfallið hefur lækkað úr 25% árið 2016 í aðeins 17% árið 2019. Með hliðsjón af bágrri stöðu Rannsóknasjóðs er hætt við að breytingin sem hér er lögð til, ef framkvæmd ein og sér, muni veikja íslenskt vísindastarf.

Rannsóknasjóður er verulega vanfjármagnaður. Fjárhagsáætlun ríkisstjórnarinnar næstu árin gerir því miður ekki ráð fyrir aukningu í sjóðinn. Markmiðið um samfjármögnun erlendra verkefna er lofsvert og erum við fylgjandi því. Til að það nái fram að ganga er afar mikilvægt að bæta myndarlega við Rannsóknasjóð til að tryggja að árangurshlutfallið lækki ekki enn meira en nú er orðið. Til að sjóðurinn geti skuldbundið sig í samfjármögnun alþjóðlegra rannsóknaverkefna þarf að leggja fé á móti, og það sem mikilvægara er, rétta hlut hans þannig að árangurshlutfallið verði að lágmarki 25%. Rétt er að benda á að sjóðurinn hefur ekki fylgt verðlags- og launaþróun í landinu þannig að virði hans hefur rýrnað á síðustu árum og mun halda því áfram miðað við núverandi fjárhagsáætlun.

F.h. stjórnar Lífvísindaseturs Háskóla Íslands



Sigríður Klara Böðvarsdóttir, forstöðumaður

Netfang: skb@hi.is

<http://lifvisindi.hi.is/>